

Umsögn í samráðsgátt vegna áforma um lagasetningu um lýðskóla

Háskóli Íslands fagnar því að til standi að setja skýran lagaramma um lýðskóla á Íslandi og taka í því sambandi mið af lögum á Norðurlöndum þar sem lengsta og sterkasta hefðin er fyrir slíkum skólum. Háskólinn fagnar því einnig að notast er við heitið „lýðskólar“ en ekki „lýðháskólar“ sem gæti valdið misskilningi. Lýðskólar eru skólar sem svara þörf sem önnur skólastig á Íslandi svara ekki eða a.m.k. ekki í sama mæli. Háskólinn telur brýnt að horfa heildstætt á skólakerfið. Sérstaklega mikilvægt er að tengsl þessa skólaforms við önnur skólastig séu skýr, einkum við framhaldsskólastigið. Í þessu sambandi er mikilvægt að framhaldsskólunum verði gert kleift að raunfærnimeta nám frá lýðskólum ef eftir því er óskað, og þess sé gætt að hæfniviðmið lýðskólanámsins falli, eftir því sem unnt er, að hæfniviðmiðum framhaldsskólastigsins. Einnig er mikilvægt að nemendur séu vel upplýstir um þá möguleika á frekara námi sem bjóðast þeim við brautskráningu úr lýðskóla, þ.e. að vilji þeir nýta nám sitt í formlega skólakerfinu þá sé það gert í gegnum raunfærnimat. Þá er mikilvægt að nemendur velkist ekki í nokkrum vafa um að brautskráning frá lýðskóla veitir ekki aðgang að háskólastiginu. Hér skiptir aftur máli að skýra tengsl lýðskólans við framhaldsskólastigið.

5. mars 2019

Róbert H. Haraldsson, sviðsstjóri kennsluviðs HÍ